

AFSTÖÐUMYND 1:500

**Brunasamstæður**  
Húsið verður sex brunasamstæður EI-90 með EI-CS60 hurðum hver svefnheild auk aðalstigahúss.  
Móttaka, setustofa og aðalstigahús mynda eina brunasamstæðu.  
Hver og ein svefnálmá myndar brunasamstæðu. Tvær á fyrstu, tvær á annari og tvær á þriðju hæð.

**Brunahólfun**  
Hvert svefnherbergi með tilheyrandi forstofu og snyrtiherbergi, skal mynda sjálfstætt brunahólf.  
Brunahólf skulu vera a.m.k. EI-60 með EI-CS30 hurðum.  
Hurðir á brunahólfum (svefnrymum) eiga að vera reykþéttar sjálflokandi.

**Burðarvirki**  
Brunamótstaða burðarvirkis þaks verður a.m.k. R60.  
Brunamótstaða burðarvirkis stiga aðalstigahúsi verður a.m.k. A-R90.  
Hæðarskil verða a.m.k. REI-90.

**Klæðningar**  
Utanhúsklæðningar fyrstu og annarrar hæðar verða í flokki 2 og utanhússklæðning þriðju hæðar í flokki 1.  
Þakklæðning verður í flokki T.  
Klæðningar innanhúss verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.  
Upphengd loft verða úr A-efnum.

**Flóttaleiðir**  
Hvergi er lengra en 9 m í útgang eða aðra brunasamstæðu.  
Frá hverju gistiherbergi erum tvær óháðar flóttaleiðir að velja.  
Brú yfir á klettinn bakatil verður a.m.k. R60. Klæðning undir brýr skal vera í flokki 1

**Brunaviðvörðunarkerfi**  
Viðurkennt númerað/rásatengt brunaviðvörðunarkerfi verður í húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirritmynd verður í gestamóttöku hótelsins.

**Loftræsikerfi**  
Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.  
Loftræsikerfi skulu slökkvæki á sér við boð frá brunaviðvörðunarkerfi.

**Reyklosun**  
Ein reyklúga u.þ.b.(1 m<sup>2</sup>) verður efst í aðalstigagangni. Sjálfvirk opnun við boð frá reykskjnjurum, einnig handvirk frá stjórnstöð viðvörðunarkerfis.  
Annars lárétt reyklosun um hurðir og glugga.

**Slöngukefli og slökkvitæki**  
Slöngukefli verða sett upp í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.  
Slökkvitæki skulu almennt staðsett við brunaslöngur.  
Slökkvitæki skulu sett upp í samvinnu við brunahönnuð eða SHS forvarnaeild.

**Út- og neyðarlýsing**  
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.  
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux á opnum svæðum svo sem í setustofu og fólkislyftu en einnig í salernum, anddyrum og fatahengjum stærri en 8 m<sup>2</sup>.  
Lýsing þarf að vera utanhúss við neyðarstiga og útidyr flóttaleiða.

**Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa**  
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörðunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, handvirkur slökkvibúnaður, út- og neyðarlýsing, vararamagn rennihurða). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir hótelið.

**GREINARGERÐ:**  
Um er að ræða hótel við Strandgötu 57.  
Þjóðskrárnúmer: 122422 og staðgreinir 84000570  
Lóðarstærð = 2.508,9 m<sup>2</sup>

**MATSHLUTI:**  
Brúttó flatarmál alls = 1.251,6 m<sup>2</sup>,  
Brúttó rúmmál alls = 3.114,400 m<sup>3</sup>,  
Nýtingarhlutfall= 1.251,6 / 2.508,9 = 0,49  
Bílastæði á lóð = 22stk. (þar af 2 fyrir fallaða)  
Kvóð er um umferð um bílastæði.

Um er að ræða reyndarteikningar af viðbyggingu við Strandgötu 57.  
Húsið er hótel og er þar móttaka, setustofa, herbergi, þvottaástaða, herbergi húsvarðar, veitingarsalur, lítill bar og salernisaðstaða.  
Viðbyggingin er á 3 hæð með 15 herbergjum ofan á núverandi hús, og verður hótelið með 42 herbergi eftir breytingu.  
Einnig er sótt um að byggja lyftuturn norðan við húsið. Af 3 hæð verða flóttaleiðir yfir tvær brýr sem og um innri stiga hússins. Einnig er um að ræða skyggni fyrir framan aðalinnangang og lóðarfrágang.

**BYGGINGARLÝSING:**  
Núverandi hús er með 300 mm staðsteypta veggj einangraða að utan með 75 mm þéttull í timburgrind og þar á kemur pappi og grind og þá timburklæðning. Frágangur við glugga, flásingar og vatnsbretti eru og skulu vera gerðar með lituðum galvaniseruðu blíkki. Allt timbur skal tryggilega fúvarið. Þar sem timbur kemur að steypu skal sítið í milli með tjónpappa. Allur saumur og aðrar stálfestingar skulu vera galvaniseraðar eða úr rústríu stáli.  
Hæðarskil eru staðsteypt og einangruð og eru EI-90.  
Hyllirinn er á milli húss og Kletts og er uppbyggður af steyptum stoðveggjum einöngnuðum að innan og steyptri plötu með ilögðum hraunhellum að innan. Hæðarskil eru EI-90.

**Viðbygging.**  
Þak er ríflað ofan af núverandi húsi og skilð eftir innra þak, sem er gipsklæðning á timbur bita þvert á húsið. Ofan á þetta er lagður pappi og þá 300x460 mm stálbitar lagðir ofan á steypta útveggi og festir þar, milli þeirra eru settir 100x180 mm trébitar ofan á aðra 100x202 mm bita sem liggja langs með stálbitum sem sæti. Einangrað er með 80 mm steinullareinangrun á milli og ofan á eru settar 28 mm krossviðspjötur. Yfir þetta er sett 7 sm ásteyplag og þar ofan á gólfefni, flisar, parkett eða teppi þar sem við á. Hæðarskil þessi uppfylla EI-90.

Útveggir eru létt tré bygging klædd að utan með Ecorock steinplötu klæðningu á lektur og þá vindpappi, einangrun milli stöða, þá rakavörn lagnagrind og gips sem yfirborð inni. Þar sem viðarklæðning eldra húss mætir nýrri steinklæðningu eru settar álfásingar langs eftir húsinu.  
Þar sem hæðin slútr fram yfir 2 hæð er klæðning undir stálbitana af flokki 1, sem og allt ytra byrgði 3 hæðarinnar. Allir innveggir milli herbergja eru gips plötur á tréstöðir með einangrun og uppfyllir EI-60 sem og lágmarks hjóðeinangrun. Berandi innveggir eru EI-R-60. Hurðir út á ganga verða EI-CS-30. Gluggi í austurgaffil er með eldvarnargleri. Sjá skýrslu brunahönnuðar.  
Ný aðaltrappa verður staðsteypt í stað þeirrar gömlu. Lyftuhús verður staðsteypt á hefðbundin hátt og klætt að sama hætti og útveggir 3 hæðar. Skyggni er úr timbri og lagt með torfi.



Þak er einangrað spennþak í flokki T.  
Þrefaldur pappi er á 28 mm krossvið, ofan á spennur. Einangrun er 200 mm steinull. Notuð eru hefðbundin byggingarefni sem uppfylla byggingarreglugerðir. Spennur hvíla á útveggjum og á berandi innveggjum við ganga.

Byggingin uppfylli kröfur um eftirfarandi gildi, skv. byggingarreglugerð:  
Þak: 0.2 W/m<sup>2</sup>K  
Útveggur; 0.4 W/m<sup>2</sup>K  
Gluggar; 2.0 W/m<sup>2</sup>K  
Gólf á fyllingu; 0.3 W/m<sup>2</sup>K  
Útveggir, vegið meðaltal; 0.85

**ÖRYGGISÞÆTTIR:**  
Í húsinu skal og er vera viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi sem tengt er vaktstöð.  
Allar hurðir að megin brunahólfum skulu vera með seguloka sem tengdur er brunaviðvörðunarkerfi hússins.  
Eldvarmbúnaður og slökkvitæki skulu staðsetjast í samráði við slökkvilið og brunahönnuð hússins.  
Allar yfirborðsklæðningar eru í flokki 1.  
Öll baðherbergi skulu vera loftræst á vélrænan hátt.  
Fólkislyfta milli hæða skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar, gr. 201.1  
Lyftustokkur skal vera loftræstur.  
Flóttaleiðir frá öfstu hæð er um stigaganga og út á brýr austan og vestan megin yfir á klettinn og niður á pall á annari hæð, þar sem greiður aðgangur er frá húsinu.

Annars er vísað í skýrslu brunahönnuðar.

NB. Í HÚSINU SKAL VERA NEYÐARLÝSING SAMKV/EMT GREIN 160,1 Í BYGGINGARREGLUGERÐ, NEYÐARLÝSING OG ÚTILJÖS.



FJÖRUKRÁIN ehf.  
VIKING HOTEL.  
Strandgötu 57.  
220 Hafnarfirði.

BYGGINGARHLUTI: HÓTEL  
ADALUPPDRATTUR  
AFSTÖÐUMYND  
VERK: FJÖR-0410 TEIKNINGAR: A-100  
KVARÐI: 1:100 TEIKNAD: ÞMM  
DAGS: 14.03.2008 SKRÁ: A-100.DWG

**ÚTI INNI**

**ARKITEKTAR**  
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK  
SÍMAR 5527660 & 5627660 FAX 5527661  
NETFANG u@ui.is  
VEFFANG http://www.ui.is  
BALDUR Ö. SVAVARSSON ARKITEKTAR FAI  
baldur@ui.is 120387-6149  
JÓN DÓR ÞORVALDSSON ARKITEKTAR FAI  
jonhor@ui.is 021256-7579



HELBRIÐISFELIÐ  
HAFNARDYRJA  
OG KÖPNVÖRSTJÓRN  
Gangvegir 7 - Reykjavík  
8.11.2010